



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## HEILLAÓSKIR TIL NÝS FORSETA FRAKKLANDS

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson hefur sent nýkjörnum forseta Frakklands, Emmanuel Macron, heillaóskir í tilefni af embættistöku hans sunnudaginn 14. maí.

Í kveðju sinni minnir forseti á þau miklu verkefni sem blasa við í Frakklandi og víðar í Evrópu, áskoranir og hættur sem og nauðsyn þess að verja grundvallarmannréttindi á borð við málfrelsi, trúfrelsi, jafnrétti og öryggi. Íslendingar óski hinum nýja forseta velfarnaðar í hinu vandasama starfi.

Jafnframt vísar forseti að margþættum og góðum samskiptum Frakka og Íslendinga, sem raunar hafi staðið í margar aldir, og að sameiginlegri sýn í umhverfismálum.

*14. maí 2017*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*